



*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Kristján Þór Júlíusson
Skúlagötu 4
101 Reykjavík*

AFRIT

Fjarðabyggð, febrúar 2018

Erindi Fjarðabyggðar vegna stefnumótunar í fiskeldi, skipulag haf og strandsvæðis og nýtingaráætlunar.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar markaði sér nýverið stefnu í fiskeldismálum. Ákveðið var með hliðsjón af þeim áformum sem uppi eru um fiskeldi á Austfjörðum, að stefna skyldi mörkuð út frá almennum jafnt sem atvinnutengdum hagsmunum.

- Í stefnunni er lögð er áhersla á að uppbygging fiskeldis fari fram á grunni sjálfbærar nýtingar og hófsemi og varúð verði ávalt höfð í fyrirrúmi og áhættu stýrt með gerð vandaðra áætlana, skilvirku eftirliti og gagnsæju verklagi.
- Einnig er lögð áhersla á að fiskeldi verði bundið við firði sem eru í byggð og atvinnustarfsemi fer þegar fram í. Þannig verði eyðifirðir, á borð við Hellisfjörð og Viðfjörð, lokaðir fyrir fiskeldi og sérstaða ósnortinnar náttúru varðveitt. Mikilvægt er sveitarfélagið nýti til fulls þá möguleika sem sjálfbært fiskeldi felur í sér til vaxtar og samfélagslegrar eflingar.
- Helstu hagsmunabættir þar sem sveitarfélagið og laxeldisfyrirækin þurfa að mætast eru
 - Siglingaleiðir
 - Skipulag í landi
 - Efnistaka
 - Samlegð við aðra starfsemi sem fyrir er.

Skipulagsmál eru eitt mikilvægasta stjórnþæki sveitarstjórna. Skipulagsáætlanir endurspeglar á lýðræðislegum grunni vilja fólks á hverjum stað og framtíðarsýn þess varðandi þróun nærsamfélagsins.

- Lögð er þung áhersla á að skipulagsskylda haf- og strandsvæða verði bundin í lög og er í því sambandi bent sérstaklega á fyrirliggjandi stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis, að skipulag strandsvæða verði á forræði sveitarfélaga allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar.
- Skipulag byggir á lýðræðislegum grunni sveitastjórnamála og mikilvægt er að skil séu gerð á milli skipulaga hafsvæða annars vegar og strandsvæða hins vegar. Strandsvæði, þ.m.t. innfirðir og flóar tengjast skipulagsáætlunum sveitarfélaga með beinum og óbeinum hætti.



Ekki er hægt að slíta skipulagáætlanir fjarða úr samhengi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur ákveðið að hefja gerð nýtingaráætlunar sem er m.a. til þess að sætta ólík sjónarmið aðila, en fyrst og fremst að móta sér stefnu í skipulagi fjarða sem síðar er nýtt til gerð umsagna auk annarrar umræðu um fiskeldi innan sveitarfélagsins. Sveitarfélagið mun halda áfram vinnu sinni við skipulag og nýtingaráætlanir í fjörðum sínum og gefa fyrirtækjum, hvort sem er í sjávarútvegi, fiskeldi eða annari hafnartengdri starfsemi, tækifæri til að koma að þeirri vinnu og leggja fram sínar áherslur.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hvetur ráðherra og Alþingi til að ljúka við löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða sem allra fyrst.

Meðfylgjandi er stefna sveitarfélagsins í fiskeldismálum.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarfélagsins Fjarðabyggðar

Páll Björgvin Guðmundsson
Bæjarstjóri